

**FRAMKVÆMDAREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2019/1177****2020/EES/5/12****frá 10. júlí 2019****um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 142/2011 að því er varðar innflutning á gelatíni, bragðbætandi innnyflaafurðum og bræddri fitu (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 frá 21. október 2009 um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 1774/2002 ⁽¹⁾, einkum 4. mgr. 29. gr. og 4. mgr. 41. gr.*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 142/2011 ⁽²⁾ er mælt fyrir um skilyrði varðandi heilbrigði manna og dýra vegna innflutnings á gelatíni, bragðbætandi innnyflaafurðum og bræddri fitu.
- 2) Í töflu 1 í 1. þætti I. kafla og töflu 2 í 1. þætti II. kafla XIV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 eru settar fram kröfur sem varða innflutning á aukaafurðum úr dýrum til Sambandsins.
- 3) Egyptaland lét framkvæmdastjórninni í té fullnægjandi ábyrgðir varðandi eftirlit með framleiðslu á gelatíni af hálfu lögbærs yfirvalds. Því er viðeigandi að bæta Egyptalandi á skrána yfir þriðju lönd þaðan sem flytja má gelatín inn í Sambandið.
- 4) Bragðbætandi innnyflaafurðir til framleiðslu á gæludýrafóðri má fá úr húsdýrum en einnig úr villtum dýrum sem er slátrað eða eru aflífud til manneldis. Það er heppilegt að aðlaga skrána yfir þriðju lönd, þaðan sem flytja má inn bragðbætandi innnyflaafurðir, að skránni yfir þriðju lönd þaðan sem innflutningur á kjöti af villtum veiðidýrum til manneldis er leyfður.
- 5) Með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1261 ⁽³⁾ var innleidd staðgönguáðferð, sem byggist á mati Matvælaöryggisstofnunar Evrópu ⁽⁴⁾, fyrir framleiðslu á endurnýjanlegu eldsneyti. Það er heppilegt að leyfa innflutning á bræddri fitu, sem um getur í 8., 9. og 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, til notkunar í nýju staðgönguáðferðina þar eð notkun sömu efniviða er leyfð í Sambandinu. Því ætti að breyta II. kafla XIV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 til samræmis við það.
- 6) Rádstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. gr.

Ákvæðum XIV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 er breytt í samræmi við textann í viðaukanum við þessa reglugerð.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjútíð. ESB L 185, 11.7.2019, bls. 26. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 274/2019 frá 13. desember 2019 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjútíð. ESB L 300, 14.11.2009, bls. 1.

(2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 142/2011 frá 25. febrúar 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 um heilbrigðisreglur, að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis, og um framkvæmd tilskipunar ráðsins 97/78/EB að því er varðar tiltekin sýni og hluti sem eru undanþegin heilbrigðiseftirliti með dýrum og dýraafurðum á landamærum samkvæmt þeirri tilskipun (Stjútíð. ESB L 54, 26.2.2011, bls. 1).

(3) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1261 frá 12. júlí 2017 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 142/2011 að því er varðar staðgönguáðferð við vinnslu á tiltekinni bræddri fitu (Stjútíð. ESB L 182, 13.7.2017, bls. 31).

(4) Scientific Opinion on a continuous multiple-step catalytic hydro-treatment for the processing of rendered animal fat (Category 1) (Vísindalegt álit um samfellda fjölpæpa hvataða vetnismeðhöndlun til vinnslu á bræddri dýrafitu (flokkur 1)) (*Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2015 13(11), 4307).

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 10. júlí 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Ákvæðum XIV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 er breytt sem hér segir:

a) Í stað 5. línu í töflu 1 í I. þætti I. kafla kemur eftirfarandi:

„5	Gelatín og vatnsrofin prótín	Efni í 3. flokki sem um getur í a-, b-, e-, f-, g-, i- og j-lið 10. gr. og, ef um er að ræða vatnsrofið prótín: Efni í 3. flokki sem um getur í d-, h- og k-lið 10. gr.	Gelatínið og vatnsrofna prótínið skulu hafa verið framleidd í samræmi við 5. þátt II. kafla X. viðauka.	a) Þau þriðju lönd sem eru tilgreind í 1. hluta II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 206/2010 og eftirfarandi lönd: (KR) Suður-Kórea (MY) Malasía (PK) Pakistan (TW) Taívan (EG) Egyptaland b) Ef um er að ræða gelatín og vatnsrofið prótín úr fiski: Þau þriðju lönd sem eru tilgreind í II. viðauka við ákvörðun 2006/766/EB.	a) Ef um er að ræða gelatín: 11. kafli XV. viðauka. b) Ef um er að ræða vatnsrofið prótín: 12. kafli XV. viðauka.“
----	------------------------------	---	---	---	---

b) Í stað 13. línu í töflu 2 í I. þætti II. kafla kemur eftirfarandi:

„13	Bragðbætandi innnyflaafurðir til framleiðslu á gæludýrafóðri	Efni sem um getur í a-lið 35. gr.	Bragðbætandi innnyflaafurðir skulu hafa verið framleiddar í samræmi við III. kafla XIII. viðauka.	Þau þriðju lönd, sem eru tilgreind í 1. hluta II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 206/2010, þaðan sem aðildarríkin heimila innflutning á nýju kjöti af sömu dýrategundum og þar sem eingöngu er heimild fyrir kjöti með beini. Ef um er að ræða bragðbætandi innnyflaafurðir úr fiski, þriðju lönd sem eru tilgreind í II. viðauka við ákvörðun 2006/766/EB. Ef um er að ræða bragðbætandi innnyflaafurðir úr alifuglum, þriðju lönd sem eru tilgreind í 1. hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 798/2008, þaðan sem aðildarríkin heimila innflutning á nýju alifuglakjöti. Ef um er að ræða bragðbætandi innnyflaafurðir úr tilteknum villtum landspendýrum og dýrum af héraætt, þriðju lönd sem eru tilgreind í 1. hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 119/2009, þaðan sem aðildarríkin heimila innflutning á nýju kjöti af sömu dýrategundum.	E-liður 3. kafla XV. viðauka.“
-----	--	-----------------------------------	---	--	--------------------------------

c) Í stað 17. línu í töflu 2 í I. þætti II. kafla kemur eftirfarandi:

„17	Brædd fita til tiltekinnar notkunar utan fôðurferlisins fyrir alidýr	<p>a) Ef um er að ræða efni ætluð til framleiðslu á lífdísilolíu, vörum úr líffituefni eða endurnýjanlegu eldsneyti sem um getur í L-lið 2. þáttar IV. kafla IV. viðauka: Efni í 1., 2. og 3. flokki sem um getur í 8., 9. og 10. gr.</p> <p>b) Ef um er að ræða efni ætluð til framleiðslu á endurnýjanlegu eldsneyti sem um getur í J-lið 2. þáttar IV. kafla IV. viðauka: Efni í 2. og 3. flokki sem um getur í 9. og 10. gr.</p> <p>c) Ef um er að ræða efni ætluð til framleiðslu á lífrænum áburði og jarðvegsbætum: Efni í 2. flokki sem um getur í c- og d-lið og i. lið f-liðar 9. gr. og efni í 3. flokki sem um getur í 10. gr., að undanskildum c- og p-lið.</p> <p>d) Ef um er að ræða efni ætluð til annars: Efni í 1. flokki sem um getur í 8. gr. (b-, c- og d-liður), efni í 2. flokki sem um getur í 9. gr. (c- og d-liður og i. liður f-liðar) og efni í 3. flokki sem um getur í 10. gr., að undanskildum c- og p-lið.</p>	Brædda fitan skal uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í 9. þætti.	Þau þriðju lönd, sem eru tilgreind í 1. hluta II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 206/2010 og, ef um er að ræða efni úr fiski, þriðju lönd sem eru tilgreind í II. viðauka við ákvörðun 2006/766/EB.	B-liður 10. kafla í XV. viðauka.“
-----	--	--	--	--	-----------------------------------